

30.1.14 Samtök iðnaðarins
21S.mál

Alþingi
Erindi nr. P 143/930
komudagur 30.1.2014



Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 442 1000
Fax 442 1999 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Gámaþjónustan hf
Vt. Jón H. Steingrímsson
Pósthólf 4273
124 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2013
20111202250

Kennitala: 410283-0349

Virðisaukaskattur af söfnun sveitarfélaga á endurvinnanlegum úrgangi

Þann 9. desember 2011 barst ríkisskattstjóra bréf Gámaþjónustunnar, dags. 6. desember sama ár, þar sem leitað var álits ríkisskattstjóra á eftirfarandi fullyrðingu:

„Með hliðsjón af breytingum á sorphirðu sem orðið hafa frá því að lög um virðisaukaskatt tóku gildi fellur söfnun á efni til endurvinnslu ekki undir sorphirðu þegar sú þjónusta er í boði hjá sveitarfélögum heldur telst vera virðisaukaskattsskyld þjónusta sem er í samkeppni við atvinnufyrirtæki í skilningi 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. virðisaukaskattslaga.“

Með bréfinu fylgdi álitsgerð KPMG á Íslandi, dags. 20. ágúst 2007, um virðisaukaskatt af sorphreinsun. Í bréfinu og álitsgerðinni er, þó með mismunandi rökstuðningi, komist að þeirri niðurstöðu að söfnun sveitarfélaga á endurvinnanlegum úrgangi verði að teljast í samkeppni við starfsemi Gámaþjónustunnar hf. á því sviði, með tilliti til innheimtu og skila virðisaukaskatts. Í því tilliti er sérstaklega fjallað um söfnun Reykjavíkurborgar á endurvinnsluefnum í „Bláu tunnuna“ og til þess vísað að færð hafi verið fyrir því rök að sveitarfélaginu sé skylt að innheimta og skila virðisaukaskatti af starfsemi.

Í framhaldi af fundi með starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var borginni sent bréf, dags. 17. apríl 2013, þar sem ríkisskattstjóri gerði m.a. grein fyrir helstu reglum sem um þessa starfsemi gilda. Auk þess var óskað eftir rökstuðningi Reykjavíkurborgar fyrir því af hverju ekki hefur verið innheimtur virðisaukaskattur af þessari þjónustu. Svar Reykjavíkurborgar barst með bréfi þann 3. maí 2013.

Það er álit ríkisskattstjóra á framangreindri fullyrðingu yðar að með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. og 6. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, fellur söfnun sveitarfélaga á efni til endurvinnslu undir skattskyldusvið laga nr. 50/1988, þegar sveitarfélög inna þjónustuna sjálf af hendi og teljast vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

Af því tilefni ritaði ríkisskattstjóri bréf, dags. 27. september 2013, þar sem Reykjavíkurborg er greint frá framangreindri niðurstöðu ríkisskattstjóra varðandi virðisaukaskattsskyldu umræddrar starfsemi.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Iris Erlingsd.
Iris Erlingsdóttir

Jarni Amby Lárusson